

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um eftirlitsstofnanir.

1. Hvaða stofnanir velferðarráðuneytisins sem heyra undir heilbrigðisráðherra sinna eftirliti, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur?

Þær stofnanir sem heyra undir heilbrigðisráðherra og sinna eftirliti, sbr. 1 gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, eru embætti landlæknis, Lyfjastofnun, Geislavarnir ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands.

2. Hver hafa verið árleg framlög ríkissjóðs til hvernar stofnunar árin 2010–2016?

Yfirlit yfir árleg framlög ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi til hvernar stofnunar árið 2010–2016 er sýnt í eftirfarandi töflu.

Greitt úr ríkissjóði	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Embætti landlæknis	602,4	659,9	778,8	846,8	861,1	921,1	865,2
Lyfjastofnun	3,3	0,0	0,0	0,0	9,1	10,0	0,0
Geislavarnir ríkisins	74,1	70,0	70,9	72,2	75,4	81,4	88,0
Sjúkratryggingar Íslands	492,1	451,0	488,2	508,2	537,4	714,5	739,1

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs. Fjárhæðir fyrir árin 2010–2015 eru samkvæmt ríkisreikningi (<http://www.fjs.is/utgefing-efni/ríkisreikningur/>). Fjárhæðir fyrir árið 2016 eru samkvæmt fjárlögum ársins.

3. Hverjar hafa verið árlegar sértekjur hvernar stofnunar árin 2010–2016?

Yfirlit yfir árlegar sértekjur samkvæmt ríkisreikningi hvernar stofnunar árið 2010–2016 er sýnt í eftirfarandi töflu.

Sértekjur	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Embætti landlæknis	30,4	21,2	38,2	14,0	111,2	196,1	25,8
Lyfjastofnun	99,7	74,5	100,5	95,8	105,2	154,8	98,1
Geislavarnir ríkisins	44,3	40,3	43,2	41,1	38,1	43,1	36,7
Sjúkratryggingar Íslands	589,8	616,8	693,3	704,8	731,3	725,1	699,7

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs. Fjárhæðir fyrir árin 2010–2015 eru samkvæmt ríkisreikningi (<http://www.fjs.is/utgefing-efni/ríkisreikningur/>). Fjárhæðir fyrir árið 2016 eru samkvæmt fjárlögum ársins. Embætti landlæknis hefur umsjón með rekstri Lýðheilsusjóðs.

4. Hver var heildarfjöldi starfsmanna hvernar stofnunar í lok árs 2010 og árslok 2016?

Heildarfjöldi starfsmanna og stöðugilda, þar sem það á við, er sýndur í eftirfarandi töflu. Þess ber að geta að á þessu árabili var verið að færa verkefni og starfsmenn frá Tryggingastofnun ríkisins til Sjúkratrygginga Íslands. Starfsmannafjöldi hjá embætti landlæknis í árslok 2010 er starfsmannafjöldi hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð fyrir sameiningu.

Fjöldi starfsmanna	2010	2016
<i>Embætti landlæknis:</i>		
Fjöldi starfsmanna	63	56
Fjöldi stöðugilda	53	52
<i>Lyfjastofnun:</i>		
Fjöldi starfsmanna	48	55
Fjöldi stöðugilda	42,5	50,5
<i>Geislavarnir ríkisins:</i>		
Fjöldi starfsmanna	10	10
<i>Sjúkratryggingar Íslands:</i>		
Fjöldi starfsmanna	106	120

5. Hefur eftirliti eða einstökum verkefnum eftirlitsstofnana verið útvistað? Efsvo er, hverju hefur verið útvistað?

Engin umræddra eftirlitsstofnana hefur útvistað eftirlitsverkefnum.

6. Hefur ráðherra látið kanna kosti þess og galla að útvista starfsemi einstakra eftirlitsstofnana að hluta eða öllu leyti? Telur ráðherra að slík útvistun geti verið skynsamleg?

Engin könnun hefur farið fram um kosti og galla þess að útvista starfsemi þessara stofnana og ráðherra telur ekki ástæðu til útvista starfsemi einstakra eftirlitsstofnana.